SMÁBÁTAFÉLAGIÐ KLETTUR

félag smábátaeigenda frá Ólafsfirði að Tjörnesi

Aðalfundarboð

Ágæti félagi.

Stjórn Smábátafélagsins Kletts boðar hér með til aðalfundar **föstudaginn 29. september nk**. Fundurinn verður haldinn **kl. 17:00** á veitingastaðnum **Bryggjunni**, Strandgötu 49 á Akureyri.

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins

1. **Formaður setur fundinn og stjórnar kosningu fundarstjóra.**
2. **Fundarstjóri gefur yfirlýsingu um lögmæti fundar sbr. 13. grein.**
3. **Fundarstjóri stjórnar kosningu fundarritara.**
4. **Stjórn félagsins skýrir starfsemi félagsins sl. ár.**
5. **Gjaldkeri les upp, skýrir og leggur fram til úrskurðar reikninga félagsins.**
6. **Kosin stjórn og varastjórn sbr. 8. grein.**
7. **Kosinn skoðunarmaður og einn til vara til eins árs í senn.**
8. **Kosnir fulltrúar á aðalfund Landssambands smábátaeigenda.**
9. **Tillögur um lagabreytingar sem löglega eru bornar fyrir sbr. 18. grein.**
10. **Önnur mál.**

Örn Pálsson framkvæmdastjóri og Axel Helgason formaður Landssambands smábátaeigenda mæta á fundinn.

Húsavík, 21.september 2017

F.h. stjórnar,

Þórður Birgisson
formaður